

## FUNDARGERÐ FRAMHALDSAÐALFUNDAR SAGA EIGNARHALDSFÉLAGS HF. 2011

HALDINN AÐ HÖFÐATORGI, 14. HÆÐ, REYKJAVÍK OG HAFNARSTRÆTI 53, AKUREYRI

FIMMTUDAGINN 28. JÚLÍ KL. 16

Gunnar Þór Gíslason formaður stjórnar setti fundinn og lagði til að Helga Hlín Hákonardóttir færi með fundarstjórn. Fundarstjóri lagði til að Vilhjálmur Bergs færi með fundarritun á fundinum og voru engin andmæli hreyfð.

Fundarstjóri kannaði lögmæti fundarins og lýsti því yfir að hann væri löglega boðaður, en til hans var boðað á aðalfundi sem haldinn var þann 30. júní sl. auk þess sem hluthöfum var sendur tölvupóstur þar sem til fundarins var boðað. Á fundinn er mætt fyrir nægjanlegan fjölda hluta eða 53,8 % og hann því lögmætur til að afgreiða þau mál sem á dagskrá hans eru.

Gengið var því næst til dagskrár.

### 1. KOSNING STJÓRNAR

Eftirfarandi framboð til 3ja manna stjórnar félagsins hafa borist:

Gunnar Þór Gíslason  
Brynhildur Kristín Ólafsdóttir  
Eggert Árni Gíslason

Þar sem ekki bárust frekari framboð til stjórnar félagsins, lýsti fundarstjóri þau réttkjörin til 3ja manna stjórnar félagsins. Engin mótmæli bárust. Ekki var kosin varstjórn í félaginu.

Í framboði til stjórnar í dótturfélaginu Saga Fjárfestingarbanka hf. eru auk framangreindra þriggja í framboði til aðalstjórnar þau Ágúst Egilsson og Áslaug Gunnlaugsdóttir. Þá eru í framboði til varastjórnar bankans eftirfarandi aðilar:

Geir Gíslason  
Gunnar Leó Gunnarsson  
Halldór Páll Gíslason  
Kristinn Helgi Guðjónsson  
Stefán Héðinn Gunnlaugsson

### 2. KOSNING ENDURSKOÐUNARFÉLAGS

Stjórn Saga Eignarhaldsfélags leggur til að KPMG verði endurskoðunarfélag félagsins.

Tillagan er samþykkt.

### 3. ÁKVÖRÐUN UM ÞÓKNUN TIL STJÓRNAR OG ENDURSKOÐUNARFÉLAGS

Stjórn Saga Eignarhaldsfélags leggur til að þóknun til endurskoðunarfélags verði skv. framlögðum reikningi. Lagt er til að stjórnarmenn fái ekki þóknun fyrir sín störf.

Tillagan var samþykkt.

Í dótturfélaginu Saga Fjárfestingarbanka hf. liggur fyrir tillaga um að þóknun til stjórnarmanna í bankanum verði kr. 125 þús. á mánuði og kr. 200 þús. til stjórnarformanns. Þá er gert ráð fyrir að varastjórnarmenn bankans fái kr. 50 þús. á mánuði auk kr. 25 þús. fyrir hvern setinn fund.

**4. STARFSKJARASTEFNA DÓTTURFÉLAGSINS SAGA FJÁRFESTINGARBANKA**

Lagt er til að fyrirliggjandi starfskjarastefna bankans verði samþykkt. Fór fundarstjóri yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á starfskjarastefnunni frá því hún var síðast samþykkt á aðalfundi SE í maí 2010. Að mestu sé hún óbreytt að undanskildum breytingum sem stafa af breytingum á lögum um hlutafélög og lögum um fjármálafyrirtæki.

Að því loknu var fyrirliggjandi starfskjarastefna borin undir atkvæði fundarins og samþykkt samhljóða.

**5. ÖNNUR MÁL**

Önnur mál voru ekki borin upp á fundinum.

Fundarmen fólu Vilhjálmi Bergs að ganga frá fundargerð og senda viðeigandi tilkynningar til RSK. Því næst var fundi slitið kl. 16.15.

**FUNDARSTJÓRI**

**FUNDARRITARI**